

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1641/2003

frá 22. júlí 2003

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90 um stofnun Umhverfisstofnunar Evrópu og evrópsks upplýsinga- og eftirlitsnets á sviði umhverfismála

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

menn nýta sér réttinn til aðgangs að skjölum sem kveðið er á um í 255. gr. sáttmálans.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum endurskoðunarrettarins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽³⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samræma ber tiltekin ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1210/90 frá 7. maí 1990 um stofnun Umhverfisstofnunar Evrópu og evrópsks upplýsinga- og eftirlitsnets á sviði umhverfismála ⁽⁵⁾ ákvæðum reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna, (hér á eftir nefnd „almenna fjárhagsreglugerðin“) ⁽⁶⁾, einkum 185. gr.

2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁷⁾ er mælt fyrir um meginreglur og takmarkanir að því er varðar það hvernig

3) Við samþykkt reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 samþykktu þessar þrjár stofnanir sameiginlega yfirlýsingu þess efnis að stofnununum og öðrum slíkum aðilum bæri að setja sér reglur sem samrýmdust ákvæðum þeirrar reglugerðar.

4) Því ber að bæta viðeigandi ákvæðum inn í reglugerð (EBE) nr. 1210/90, þannig að reglugerð (EB) nr. 1049/2001 taki til Umhverfisstofnunar Evrópu, og einnig ákvæði um kærur vegna synjunar um aðgang að skjölum.

5) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 1210/90 í samræmi við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1210/90 er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (*) gildir um skjöl í vörslu Umhverfisstofnunarinnar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 331 E, 31.12.2002, bls. 59.⁽²⁾ Stjtið. EB C 285, 21.11.2002, bls. 4.⁽³⁾ Stjtið. ESB C 85, 8.4.2003, bls. 64.⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 22. október 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 3. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 1. júlí 2003.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 120, 11.5.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 933/1999 (Stjtið. EB L 117, 5.5.1999, bls. 1).⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1. með leiðréttingu í Stjtið. EB L 25, 30.1.2003, bls. 43.⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

2. Stjórn stofnunarinnar skal ákveða fyrirkomulag við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 innan sex mánaða frá gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1641/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90 um stofnun Umhverfisstofnunar Evrópu og evrópsks upplýsinga- og eftirlitsnets á sviði umhverfismála (**).

3. Ákvarðanir, sem Umhverfisstofnunin tekur skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001, geta annars vegar orðið tilefni kæru til umboðsmanns, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 195. gr. EB-sáttmálans, eða málshöfðunar fyrir dómstóli Evrópubandalaganna hins vegar, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 230. gr. EB-sáttmálans.

(*) Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

(**) Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 1.“

2. Í 8. gr.:

a) komi eftirfarandi í stað 6. mgr.:

„6. Stjórnin skal samþykkja almennu ársskýrsluna um starfsemi Umhverfisstofnunarinnar og senda hana Evrópuþinginu, ráðinu, framkvæmdastjórninni, endurskoðunarrettinum og aðildarríkjunum eigi síðar en 15. júní.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7. Umhverfisstofnunin skal senda fjárveitingavaldinu árlega allar upplýsingar sem varða matsferlið.“

3. Í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

1. Stjórn Umhverfisstofnunarinnar skal árlega leggja fram yfirlit yfir áætlaðar tekjur og áætluð útgjöld stofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár sem byggt er á drögum frá forstjóra. Eigi síðar en 31. mars skal stjórnin framsenda þessa fjárhagsáætlun, sem inniheldur drög að yfirliti um stöðugildi, til framkvæmdastjórnarinnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu (hér á eftir nefnd fjárveitingavaldið) fjárhagsáætlunina ásamt fyrstu drögum að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins.

3. Á grundvelli fjárhagsáætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin fella inn í fyrstu drög að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins þá þætti fjárhagsáætlunarinnar sem hún telur nauðsynlega með hliðsjón af yfirlitinu um stöðugildi og vegna þess styrks sem veita skal af fjárlögum og leggja þá fyrir fjárveitingavaldið í samræmi við 272. gr. sáttmálans.

4. Fjárveitingavaldið heimilar fjárveitingar í formi styrks til Umhverfisstofnunarinnar.

Fjárveitingavaldið skal samþykkja yfirlitið um stöðugildi fyrir Umhverfisstofnunina.

5. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlunina. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópusambandsins. Ef við á skal aðlaga fjárhagsáætlunina til samræmis við það.

6. Hafi stjórn stofnunarinnar í hyggju að hrinda í framkvæmd verkefni sem kann að hafa veruleg áhrif á fjármögnun fjárhagsáætlunarinnar skal hún tilkynna fjárveitingavaldinu það eins skjótt og unnt er, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, s.s. að taka á leigu eða kaupa húseignir. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þetta.

Hafi aðili, sem er hluti af fjárveitingavaldinu, tilkynnt að hann hafi í hyggju að skila álitum skal hann framsenda stjórn stofnunarinnar álit sitt innan sex vikna frá því að tilkynnt er um verkefnið.“

4. Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

1. Forstjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar Umhverfisstofnunarinnar.

2. Gjaldkeri stofnunarinnar skal senda gjaldkera framkvæmdastjórnarinnar bráðabirgðareikningsskil eigi síðar en 1. mars eftir lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal gera samstæðu úr bráðabirgðareikningsskilum stofnananna og sjálfstæðra aðila í samræmi við 128. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar.

3. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal senda endurskoðunarrettinum bráðabirgðareikningsskil stofnunarinnar eigi síðar en 31. mars eftir lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Skýrslan um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á fjárhagsárinu skal einnig framsend til Evrópuþingsins og ráðsins.

4. Þegar forstjóra Umhverfisstofnunarinnar berast athugasemdir endurskoðunarrettarins við bráðabirgðareikningsskil stofnunarinnar, skv. 129. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar, skal hann ganga frá endanlegum reikningsskilum stofnunarinnar á eigin ábyrgð og senda það til stjórnar stofnunarinnar til umsagnar

5. Stjórnin skal skila álitum um endanleg reikningsskil Umhverfisstofnunarinnar.

6. Forstjórinn skal framsenda endanleg reikningsskil eigi síðar en 1. júlí eftir lok fjárhagsársins til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og endurskoðunarrettarins ásamt álitum stjórnar stofnunarinnar.

7. Endanleg reikningsskil skulu birt.

8. Forstjórinn skal senda endurskoðunarréttinum svar við athugasemdum réttarins eigi síðar en 30. september. Hann skal einnig senda svarið til stjórnar Umhverfisstofnunarinnar.

9. Fari Evrópuþingið þess á leit skal forstjórinn láta því í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að leysa hann undan ábyrgð fyrir viðkomandi fjárhagsár eins og mælt er fyrir í 3. mgr. 146. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar.

10. Fyrir 30. apríl árið $N + 2$ skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, leysa forstjóran undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N .

5. Í stað 14. gr. komi eftirfarandi:

„14. gr.

Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur fyrir Umhverfisstofnunina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær mega ekki víkja frá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 19. nóvember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna (*) nema sérstök þörf sé á slíku frávikum vegna reksturs Umhverfisstofnunarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

(*) Stjtið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72; leiðrétting í Stjtið. EB L 2, 7.1.2003, bls. 39.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ALEMANN

forseti.